DEILISKIPULAGSBREYTING Á REIT 1.141.2

LÆKJARGATA 10- 12, VONARSTRÆTI 4 og 4B, SKÓLABRÚ 2

TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI

MKV. 1:500 m.v. blaðstærð A1

SKILMÁLATAFLA

SAMÞYKKT DEILISKIPULAG / NÚVERANDI ÁSTAND						TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI								
	LÓÐ m^2	BYGGINGAR-MAGN m^2 ofanjarðar	BYGGINGAR-MAGN m^2 með kjallara	NHLF ofanjarðar m.v. A lokun	NHLF með kjallara m.v. A lokun	LÓÐ m^2	BYGGINGAR-MAGN m^2 ofanjarðar A - lokun	BYGGINGAR-MAGN m^2 með kjallara	NHLF ofanjarðar m.v. A lokun	NHLF með kjallara m.v. A lokun	BYGGINGAR-MAGN m^2 ofanjarðar B - lokun	BYGGINGAR-MAGN m^2 ofanjarðar C - lokun	NHLF ofanjarðar A+B+C - lokun	NHLF heild A+B+C - lokun
Sameinuð lóð Lækjargata 12, Vonarstr. 4-4B	2.062,0	6.668,8	8.155,8	3,25	3,97	2.062,0	6.150,0	7.865,0	2,98	3,81	295	490	3,36	4,19
Skólabrú 2	309,0	251,5	387	0,81	1,25	309,0	261,5	397	0,85	1,28	70	50	1,23	1,67
Lækjargata 10	192,0	198,9	265,9	1,04	1,38	192,0	198,9	265,9	1,04	1,38	50	40	1,50	1,85

Engin stærðarákvæði eru um Skólabrú 2 og Lækjargötu 10 í skilmálatöflu Kvosarskipulagsins , gerð er grein fyrir núverandi ástandi í töflu.



SKILMÁLAMYND A - BYGGINGARREITUR KJALLARA NÝBYGGINGA - mkv. 1:1000 m.v.



Úr húsakönnun Minjasafns Reykjavíkur - skýrsla nr. 126 frá 2005



Húsafriðun skv. lögum um menningarminjar frá 2012

GREINARGERÐ MEÐ TILLÖGU AÐ BREYTINGU Á DEILISKIPULAGI:

Afmörkun

Deiliskipulagsbreyting þessi tekur til sameinaðrar lóðar Lækjargötu 12, Vonarstrætis 4 og 4B, tillaga um sameiningu lóðanna sem var hluti af breytingunni sem samþykkt var 17.7. 2008 heldur sér. Breytingin nær einnig til lóðanna Lækjargötu 10 og Skólabrúar 2.

Gildandi skipulagsáætlanir

Fyrir lóðirnar Lækjargata 10 og Skólabrú 2 gildir Kvosarskipulagið, samþykkt 01.10.1987.
Fyrir sameinaða lóð Lækjargötu 12, Vonarstræti 4 og 4B gildir deiliskipulag sem samþykkt var þann 17.07.2008 og verður það fellt úr gildi með þessari breytingu. Fyrir lóðirnar Lækjargötu 10 og Skólabrú 2 gilda að öðru leiti eldri skilmálar.
Gildandi skipulagsáætlunum eru gerð skil á uppdrætti nr.1.

Forsendur breytingarinnar

Gildandi deiliskipulag frá 2008 var þröngt sniðið utan um hugmyndir þáverandi lóðarhafa um hótel og bankaútibú á skipulagsreitnum. Sókum efnahagskreppu varð ekkert af uppbyggingu eftir að deiliskipulagið var samþykkt. Síðar urðu eigendaskipti á lóðunum og árið 2015 stóðu lóðarhafar fyrir lokaðri arkitektasamkeppni um breytt byggingaráform. Einnig fundust fornminjar á reitnum sem nú hafa verið rannsakaðar. Samkeppnisniðurstaða var kynnt skipulagsyfirvöldum í Reykjavík og tók umtalsverðum breytingum í samráðsferli veturinn 2015 -16. Tillaga að deiliskipulagi er unnin í framhaldi af þessu ferli.

Lýsing á breytingunni / helstu breytingar frá gildandi skilmálum

Lítillega er dregið úr byggingarmagni ofanjarðar og húshlutar eru ívið grennri en í gildandi skipulagi. Byggingarreitur jarðhæðar minnkar og garðrými í porti stækkar. Byggingarhlutar næst Lækjargötu 10 og Vonarstræti 4 lækka um eina hæð. Byggingarreitur næst Skólabrú 2 minnkar og þakform bygginga næst Skólabrú og Kirkjutorgi breytast. Kvöð um umferð á Lækjargötu 10 er felld niður.
Ennfremur eru sett skilyrði um uppbrot útveggjar að Lækjargötu í 4 einingar, heimild til þess að byggja turn er afturkölluð og gerð er grein fyrir varðveislu og frágangi fornminja sem fundist hafa á reitnum.
Samráð var haft við Minjastofnun á vinnslutíma deiliskipulagstillögunnar.

Aðalskipulag

Síðan gildandi deiliskipulagsáætlanir voru unnar hefur Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 tekið gildi. Skv. skilgreiningum aðalskipulags er deiliskipulagssvæðið í miðborgarkjarna á svæði M1a. Um svæðið segir: "Í miðborgarkjarnanum má finna lykilstofnanir stjórnsýslu, menningar og mennta, líflegustu verslunargötur landsins, lítrika flóru veitingastaða auk fjölbreyttrar sérfræðiþjónustu. Sérstök áhersla er á smásöluverslun auk veitingastarfsemi og afþreyingu sem og þjónustu lykilstofnana stjórnsýslu, menningar og mennta. Á jarðhæðum eru verslunar-, veitinga- og menningar-, félags- og þjónustustarfsemi opin almenningi í forgangi, en á efri hæðum skrifstofu- og íbúðarhúsnæði auk gistiþjónustu. Til þess að efla smásöluverslun staðbundið í miðborgarkjarnanum, stuðla að fjölbreyttri starfsemi og lifandi almenningsrýmum eru ákvæði um útlit og starfsemi við götuhliðar í miðborgarkjarna. Almennar veitingaheimildir miðsvæða gilda í miðborgarkjarna en á afmörkuðu svæði eru rýmri veitingaheimildir."
Lækjargata skal lúta ákvæðum um götuhliðar í aðalskipulagi: 50% hámark sömu starfsemi, smásöluverslun unanskiliin. Engin ákvæði eru á Vonarstræti og Skólabrú.
Tillaga að breyttu deiliskipulagi samrýmist ákvæðum aðalskipulags.

ALMENNIR SKILMÁLAR

Byggingarreitir nýbygginga **láréttir- og lóðréttir** eru táknaðir með brotnum línum. Í útlismyndum og skilmálasneiðingum eru hallandi þök og nýbyggingarreitir í bakgrunni sýndir í ljósari lit. Hámarksfjöldi hæða er tilgreindur. Nýbyggingar skulu standa innan byggingarreita. Óverulegir húshlutar svo sem þakgluggar, öryggishæðir fyrir lyftur, stigahús og öryggisstigar mega fara 2 m upp fyrir byggingarreit . Gerð er grein fyrir þakformi á uppdrætti og megin mænisstefna er fastbundin.

Stærðir. Allar stærðir er að finna í skilmálatöflu. Gerð er er grein fyrir byggingarheimildum sem teljast til B- og C-lokunar í skilmálatöflu, en slíkir fermetrar voru undanskildir í eldri áætlunum.

Nýting. Áfram er gert ráð fyrir hótelstarfsemi á skipulagssvæðinu en ekki lengur bankastarfsemi, sjá kafla um starfsemi í sérskilmálum. Í húsinu að Skólabrú 2 er rekin gistiþjónusta, en húsið er skráð íbúðarhús hjá þjóðskrá. Með nýju deiliskipulagi verður gistiþjónusta heimiluð í húsinu.

Bíla- og hjólastæði. Gjaldskyld bílastæði í göturými Lækjargötu eru utan skipulagssvæðisins, ekki er gerð grein fyrir þeim á uppdrætti . Engin bílastæði eru á sameinaðri lóð að undanskildum stæðum í bílakjallara. Engin bílastæði eru á lóðinni Lækjargata 10. Bílakjallari með aðkomu frá Vonarstræti verður gerður undir hóteli.

Reglur um bíla- og hjólastæði á reitnum eru í samræmi við bíla- og hjólastæðastefnu Aðalskipulags Reykjavíkur fyrir svæði M1a.

Eftirfarandi bíla- og hjólastæðakröfur gilda um nýbyggingar / byggingarmagn A rýma ofanjarðar.
Gera skal ráð fyrir að lágmarki:

- 1 bílastæði / 100 m2 verslunar og þjónusturými
- 1 bílastæði / 130 m2 hótelstarfsemi
- 1 bílastæði / 300 m2 lager og tæknirými
- 8 hjólastæðum / 1000 m2 atvinnuhúsnæði og skulu þau vera sem næst inngangi.

Fjölda bílastæða fyrir fatlaða skal reikna út skv. byggingarreglugerð.
Undanskildir í bílastæðaútreikningum eru fermetrar í bílarömpum og bílalyftum.

Þar sem bílastæðum verður ekki komið fyrir innan lóða getur Reykjavíkurborg ákveðið að innheimta bílastæðagjald sbr. gjaldskrá um bílastæðagjöld, skv. 19. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglum um bílastæðagjald í Reykjavík sem í gildi eru hverju sinni.

Götur og umferð. Núverandi bílastæði á horni Lækjargötu og Vonarstrætis er lagt af. Því er hægt að þrengja gatnamót Lækjargötu og Vonarstrætis eiliítið og breikka gangstétt meðfram Vonarstræti. Kvöð er um umferð (ganganda) á lóðarmörkum meðfram Vonarstræti.

Gangstígar. Í Kvosarskipulaginu er í skilmálahefti sýnd gönguleið í gegnum skipulagsreitinn samsíða Lækjargötu. Í deiliskipulagsbreytingunni frá 2008 er stígurinn lagður af á þeim hluta sem skipulagið tekur til. Með þessari deiliskipulagsbreytingu er stígurinn einnig lagður af á milli Skólabrúar 2 og Lækjargötu 10.
Á bakló hótels er garður sem opinn er almenningi. Aðgengi gangandi að garðinum verður á jafnsléttu um undirgöng meðfram núverandi byggingu við Vonarstræti 4.

Frágangur á lóðum og lóðarmörkum. Staðsetning gróðurs á uppdrætti er til viðmiðunar og háð nánari útfærslu / hönnun við gerð aðaluppdrátta. Gerð skal grein fyrir landmótun, yfirborðsfrágangi, gróðri og lýsingu á lóð á lóðaruppdrætti sem fylgir byggingarnefndarumsókn. Allur frágangur skal vera vandaður og hæfa húsum á þessum mikilvæga stað í miðborginni.

Húsvernd. Í skýrslu Minjasafns Reykjavíkur frá 2005 er gerð grein fyrir húsvernd á reitnum, sjá skýringarmynd til hliðar. Með nýjum lögum um menningarminjar frá 2012 lenda fleiri hús á reitnum í friðunarflokki 100 ára og eldri. Lækjargata 10 er friðlýst bygging, Skólabrú 2 er friðuð, Vonarstræti 4 er í verndunarflokki 20. aldar bygginga. Hafa skal samráð við Minjastofnun um breytingar á umræddum húsum.

Niðurrifsheimildir eru óbreyttar frá gildandi skipulagi þ.e. heimilt er að rífa Íslandsbanka í Lækjargötu, gömlu brjóstsykursgerðina og aðra lága byggingu í Vonarstæti 4B.

Skilti og merkingar. Skilti og merkingar á húsum skulu vera látlaus og smekkvís. Vakin er athygli á að skv. lögum um menningarminjar þarf leyfi Minjastofnunar Íslands til þess að setja skilti eða aðrar áletranir á friðlýst hús eða mannvirki.

Umhverfisáhrif. Í samræmi við 5. mgr. 12. gr. skipulagslaga er gerð grein fyrir helstu umhverfisáhrifum deiliskipulagsbreytingarinnar. Breytingar þær sem hér eru kynntar eru óverulegar hvað varðar umhverfissjónarmið.

- **Byggingarmagn.** Engin breyting er á niðurrifsheimildum en lítillega er dregið úr byggingarmagni ofanjarðar og garðrými í porti stækkar. Þessi breyting er metin óverulegur - jákvæð.
- **Umferð og hljóðvist.** Nýting á svæðinu verður áfram að stærstum hluta hótelstarfsemi, en ekki er lengur gert ráð fyrir bankastarfsemi. Skirfstofustarfsemi í Vonarstræti 4 leggst af. Í Lækjargötu 10 er gert ráð fyrir veitinga- eða léttri atvinnustarfsemi. Bílastæðum í bílakjallara fækkar nokkuð, aðallega vegna fornminja og það kann að hafa neikvæð áhrif á umferð. Þessi breyting er metin óveruleg - neikvæð.
- **Útlit.** Tillaga að deiliskipulagi gerir kröfu um að húshlið að Lækjargötu verði brotin niður í 4 einingar og að húshluti næst Lækjargötu 10 lækki frá samþykktu deiliskipulagi. Þetta er gert til þess að nýbyggingar falli betur inn í samhengi eldri byggðar. Þessi breyting er metin óveruleg - jákvæð.
- **Menningarminjar:** Skipulagssvæðið stækkar frá deiliskipulagi samþykktu 2008 og nær nú utan um tvö friðuð / friðlýst hús og svæði þar sem fornminjar hafa fundist. Engar meiriháttar breytingar eru fyrirhugaðar á þessum húsum en stefnt er að því að færa Skólabrú 2 til upprunalegs horfs og þar með styrkja einkenni eldri byggðar. Fornminjar verða gerðar sýnilegar. Þessi breyting telst óveruleg - jákvæð.

SÉRSKILMÁLAR LÓÐA / BYGGINGA

Lóðir: Innan deiliskipulagsins eru þrjár lóðir; sameinuð lóð Lækjargötu 12, Vonarstræti 4 og 4B, Skólabrú 2 og Lækjargata 10. Uppgefnar lóðarstærðir eru til viðmiðunar, endanlegar lóðarstærðir koma fram á lóðarblaði sem verður endurútgefið.

Byggingarreitir, hæðir, uppbrot, svalir:

- Heimilt er að byggja byggingu; 2-5 hæðir (ris) og kjallari innan byggingarreita nýbygginga.
- Heimill fjöldi hæða innan byggingarreita kemur fram á grunnmynd / afstöðumynd. Hámarks mænis- og vegghæð hvers húshluta kemur fram á sniðmyndum. Húshlutar eins og lyftustokkar og öryggisstigahús mega standa allt að 2 m upp fyrir byggingarreit.
- Gerð er krafa um uppbrot útveggjar að Lækjargötu í 4 einingar. Hnika má uppbrotslínum til um 2m til hvorrar áttar frá uppgefinni uppbrotslínu.
- Jarðhæð skal vera inndregin að hluta og skulu að lágmarki 50% útveggjar vera innan línu sem sýnd er í uppdrætti og skýringum. Á horni Lækjargötu og Vonarstrætis má jarðhæð ekki standa út fyrir hornsneiðingu.
- Þök sem snúa að Lækjargötu skulu vera risþök, mænisstefna er sýnd á uppdráttum og gerð er grein fyrir hvar skulu vera hallandi þakfletir í útlitsmyndum. Sá hluti nýbyggingar sem tengist Vonarstræti 4 skal hafa þakbrún í sömu hæð og núverandi hús. Heimilt er að tengja nýbyggingu við Vonarstræti 4 á öllum hæðum.
- Gerð er grein fyrir svala- og þaksvalaheimildum. Svalir á núverandi húsi við Vonarstrætiná út fyrir lóðarmörk og mælast 1,15m djúpar frá útvegg. Heimilt er að gera samskonar svalir á 2. og 3.hæð nýbyggingar við Vonarstræti, hámarksdýpt skal ekki vera meiri en 1,15m mælt frá útvegg. Viðmiðunarstaðsetning er sýnd á uppdráttum. Þaksvalir sem snúa út að Lækjargötu eru heimilar á allt að 79% veggflatar. Þær eru ekki skilyrtar heldur er um heimild að ræða sem tryggir aukið frelsi til hönnunar byggingar. Gerð er grein fyrir mögulegri útfærslu í þrívíddarmyndum á uppdráttarblaði 3.
- Kvistir eru heimilir á bakhlið hallandi þaka.
- Sjá einnig kafla um fornminjar.

Starfsemi: Starfsemi sem samræmist ákvæðum aðalskipulags, s.s. skrifstofustarfsemi, verslun eða önnur létt atvinnustarfsemi. Einnig hótel með veitingastað, kaffihúsi, verslun og fornminjasýningu, sjá kafla um fornminjar. Fjöldi herbergja hótelsins má vera allt að 146 sem skiptist þannig: Í nýbyggingu eru allt að 120 herbergi, í Vonarstræti 4 geta verið allt að 18 herbergi og í Skólabrú 2 eru allt að 8 herbergi.
Á jarðhæð nýbyggingar sem snýr að Lækjargötu skal vera starfsemi sem samræmist ákvæðum aðalskipulags um virkar götuhliðar. Óheimilt er að byrgja glugga almenningsrýmis.

Garðrými og gróður. Á baklóð á milli húshluta er garður sem skal vera opinn almenningi. Aðgengi er um undirgöng frá Vonarstræti. Staðsetning trjáa er til viðmiðunar. Gerð skal grein fyrir landmótun, yfirborðsfrágangi, gróðri og lýsingu á lóð á lóðaruppdrætti sem fylgir byggingarnefndarumsókn.

Bíla- og hjólastæði. Bílastæðum í bílakjallara fækkar frá samþykktu deiliskipulagi vegna fornminja á lóð. Heildarfjöldi stæða í bílakjallara er áætlaður um 20 stk. Aðkeyrsla að bílakjallara er frá Vonarstræti í gegnum bílalyftu.
Koma skal fyrir hjólastæðum á lóð í samræmi við kröfur aðalskipulags. Sjá ákvæði um bíla- og hjólastæði í almennum kafla.

Efnisval. Undirstrika skal uppskiptingu útveggjar að Lækjargötu með því að skipta um yfirborðsefni / efnisáferð í samræmi við uppskiptingu í húshluta. Útveggir nýbygginga sem snúa út að götu eru að stærstum hluta steyptir, ýmist í munstursteypu eða málaðri steypu. Einnig eru útveggir með dökkri málmklæðningu. Hallandi þök eru málmklædd. Á jarðhæð eru stórir fletir glerjaðir, dregið er úr speglunaráhrifum slíkra flata með viðeigandi aðgerðum. Aðrir útveggir eru ýmist steyptir, timbur- eða málmklæddir.

Frágangur á lóðarmörkum. Samráð skal haft við lóðarhafa Kirkjutorgs 6, 6A , Lækjargötu 10 og Templarasunds 5 um frágang á lóðarmörkum. Á lóðarmörkum að Kirkjutorgi 6-6a eru steyptir / hlaðnir veggir. Leitast skal við að hlífa þeim við hnjaski í framkvæmdum.

Vonarstræti 4 er steinsteypt hús kjallari 3 hæðir og ris byggt árið 1926. Húsið er á sameinaðri lóð Lækjargötu og Vonarstrætis. Í húsakönnun Minjasafns Reykjavíkur 126/2005 er húsið í verndarflokki 20. aldar bygginga. Byggt verður þétt upp að húsinu að austanverðu og heimilt er að tengja það nýbyggingu á öllum hæðum og í kjallara. Hafa skal samráð við Minjastofnun um allar breytingar á húsinu. Starfsemi: Gistiþjónusta eða önnur hreinleg atvinnustarfsemi.

Skólabrú 2 er steinsteypt hús, kjallari hæð og ris byggt árið 1912. Rekin er gistiþjónusta í húsinu. Engar meiriháttar breytingar eru fyrirhugaðar á ytra byrði hússins en heimilt er að gera tvo lítla kvisti á bakhlið. Í húsakönnun 126 / 2005 er gerð tillaga að friðun hússins. Húsið er friðað á grundvelli aldurs skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012.
Húsið var upprunalega sementssléttað og ljósmálað með munsturbandi neðan við þakbrún, en árið 1933 var það steinað með hrafntinnumulningi. Nýverið var málað yfir steininguna. Þegar kemur að viðhaldi utanhúss skal húsið fært til upprunalegs útlits.
Hafa skal samráð við Minjastofnun um allar breytingar á húsinu.
Starfsemi: Gistiþjónusta eða önnur hreinleg atvinnustarfsemi. Engin bílastæði eru á lóðinni. Sjá einnig kafla um fornminjar.

Fornminjar. Á lóðunum eru merkar fornleifar frá fyrstu öldum Íslandsbyggðar sem fundust við fornleifarannsókn árið 2015. Minjastofnun Íslands og lóðarhafar hafa undirritað samkomulag um varðveislu minjanna. Efnisatriði samkomulagsins eru fest í deiliskipulagi þessu.
- Hlaðið eldstæði og hlaðið soðker skal varðveitt utandyra í sinni upprunalegu mynd en æskilegt er að þeim veri skýlt fyrir regni og snjó.
- Gengið verður frá álífrænum hlutum (steinum) í gólfi nýbyggingar á sama hátt og þeir voru í lóðinni. Einnig verða útlínur skálans mótaðar í gólfið. Skálarúst verður mótuð í lóðina í samstarfi við Minjastofnun.
- Ekki er gert ráð fyrir varðveislu á þeim minjabrotum sem fundust sunnan bankabyggingar.
- Þegar framkvæmdir við nýbygingu hefjast verður lokið við fornleifagröft á þeim svæðum lóðanna sem ekki var hægt að skoða á forstigi. Einnig skal fara fram rannsókn utan lóðamarka þar sem ætla má að hluti fornleifanna sé að finna. Sú rannsókn verður á kostnað og ábyrgð landeiganda.
- Sýningu um rústina og fund hennar verður komið fyrir innan sem utan nýbyggingar.

Skilgreindur er sérstakur byggingarreitur þar sem heimilt er að setja upp skýli, þök, glerkassa eða annað það sem þykir þurfa til þess að varðveita og skýla fornminjum og sýna þær á sínum stað. Byggingarreitur þessi nær yfir hluta þriggja lóða: sameinaðrar lóðar, Skólabrúar 2 og Lækjargötu 10. Hér er þó ekki um hefðbundið hús að ræða. Allir byggingarhlutar sem byggðir eru á grundvelli þessarar heimildar skulu taka sérstakt tillit til friðlýstra og friðaðra húsa sem standa næst fornminjunum. Hæð slíkra byggingarhluta skal ekki vera meiri en sem svarar einni húshæð. Hafa skal samráð við Minjastofnun um alla nánari útfærslu á fornminjum, varðveislu þeirra, sýningu og yfirbyggingu.

Lækjargata 10. Húsið er steypt, kjallari hæð og ris byggt árið 1878. Húsið er friðlýst skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Færa skal húsið til upprunalegra horfs og fjarlægja auglýsingaskilti og aðrar merkingar sem samýmast ekki friðlýstu húsi. Hafa skal samráð við Minjastofnun um allar breytingar á húsinu. Starfsemi: Veitingarekstur eða önnur hreinleg atvinnustarfsemi.
Kvöð um umferð er felld niður. Engin bílastæði eru á lóðinni. Sjá einnig kafla um fornminjar.



AÐALSKIPULAG REYKJAVÍKUR 2010-2030



LOFTMYND FRÁ 2015

SKÝRINGAR

- AFMÖRKUN DEILISKIPULAGSREITS
- NIÐURRIFSHEIMILDIR SKV. GILDANDI SKIPULAGI
- Nb — NÚVERANDI BYGGINGAR Á SKIPULAGSSVÆÐI
- 5 — NÚVERANDI BYGGINGAR UTAN SKIPULAGSSVÆÐIS HÚSNÚMER
- BYGGINGARREITUR
- BYGGINGARREITUR KJALLARA sjá einnig skilmálamynd A
- MEGIN MÆNISSTEFNA
- UPPBROT Í BYGGINGU / BYGGINGARREIT staðsetning +- 2m
- INNDREGIN JARÐHÆÐ 50% jarðhæðar skal standa innan gulu línunnar
- ÞEKKTAR FORNMINJAR
- BYGGINGARREITUR FYRIR SKÝLINGU FORNMINJA
- LÓÐARMÖRK
- 1KR — HÆÐIR / KJALLARI / NÝTANLEGT RIS
- 5P — FJÖLDI BÍLASTÆÐA Á LÓÐ
- 5P — FJÖLDI BÍLASTÆÐA Í BÍLGEYMSLU
- P — INNKEYRSLA Í BÍLAKJALLARA / BÍLALYFTA
- SV — SVALIR HEIMILAR viðmiðandi staðsetning
- KVÖÐ UM UMFERÐ

16.12.2016. Breyting A að lokinni auglýsingu.
Í samræmi við umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9.12.2016 eru gerðar eftirtaldar breytingar:
- 5 bílastæði á lóð við Vonarstræti 4 eru fjarlægð og texta breytt til samræmis við það.
- Kvaðir um umferð utan afmörkun skipulags eru fjarlægðar úr uppdrætti.
- Svæði til skýlingar fornminja er stækkað að Lækjargötu og Skólabrú.
- Texta um fornminjar er breytt.
- Útgáfudagsetning uppdráttar er leiðrétt; var 21.09.2016 en verður 15.09.2016
27. janúar 2017. Breyting B skv. umfjöllun Skipulagsstofnunar dags. 11.01.2017: Skilmálamynd A - byggingarreitur kjallara, er bætt inn og vísað í hana í skýringum. Ákvæði um þaksvalir við Lækjargötu eru skýrð frekar.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í
Umhverfis- og skipulagsráði þann 1. feb. 2017 og í Borgarráði þann 7. feb. 2017.

Tillagan var auglýst frá 7. okt. 2016 með athugasemdafresti til 18. nóv. 2016.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann
_____ 20____.
Björn Axelsson

DEILISKIPULAGSBREYTING LÆKJARGATA - VONARSTRÆTI - SKÓLABRÚ			
TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI			
Breyting: B	Teikn.nr.: 2 / 4		GLÁMA·KÍM
Útgáfud.: 15.09.2016	Mkv.: 1:500		Arkitektar Laugavegi 164 efri, 105 Reykjavík s: 530-8100, f: 530-8101, kt: 560 496 2739 glama@glama.is, www.glama.is
Verkn.: 1502011-2	Teikn. ST	Yfirf. BBJ	

BANNAÐ ER AÐ MÆLA AF TEIKNINGUM
TEIKNINGU MÁ EKKI BREYTA NEMA EKKI ENDURNYTA MEÐ NEINUM HÆTTI AÐ HLUTA TIL EÐA Í HEILD ÁN SKRIFLEGS LEYFIS HÖFUNDAR